

rekin eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, enda taki ákvæði 46. gr. um daggjöld ekki til þeirra. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

1. ml. 3. mgr. 46. gr. hljóði svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, sem 41. gr. nær ekki til, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, ásamt gjaldskrár sömu stofnana vegna utansjúkra-
hússjúklinga, skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.
(L. S.)

Logi Einarsson.

Svavar Gestsson.

LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi
Skallagríms hf.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálf-
skuldarábyrgð á lánum sem Skallagrímur hf. tekur til kaupa á nýju ferjuskipi til siglinga milli
Akraness og Reykjavíkur. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins.

Áður en ábyrgð er veitt skal hlutfé félagsins aukið í samráði við ríkisstjórnina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.
(L. S.)

Logi Einarsson.

Ragnar Arnalds.